

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður  
Bt. Örnú Láru Jónsdóttir, Bæjarstjóra

Bolungarvík, 31.05.2023.  
NVG. Nr. 06-23

**Efni:** Vegna aðgerða Ísafjarðarbæjar gegn varpi kríu í botni Skutulsfjarðar.

Komið þið sæl,

Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofa Vestfjarða hafa átt samtál sín á milli sem og við fleiri aðila vegna nýlegra aðgerða Ísafjarðarbæjar við að beita hljóðupptökum af varúðarhljóðum kríu til að fæla kríur við varpsvæði sín í botni Skutulsfjarðar. Stofnanirnar eru sammála um að hafa áhyggjur af þessari aðferð og vilja koma því á framfæri við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Krían er friðuð tegund skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) og þótt löginn veiti heimild til tímabundinnar eggjatöku þá telja stofnanirnar að truflun af þeim toga sem notkun hljóðupptaka er á varptíma kríunnar sé ekki í anda 6. gr. laganna sem segir að „ávallt [skuli] gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun“.

Í tilfelli kríunnar skiptir þetta sérstaklega máli því krían er skilgreind sem tegund í nokkurri hættu (VU) skv. valista Náttúrufræðistofnunar fyrir íslenska fugla (2018) og einnig því krían telst ábyrgðartegund á Íslandi þar sem 20-30% af heimsstofni hennar verpir hér á sumrin. Aðgerðir sem hætta er á að geta valdið viðkomubresti í tilteknu varpi eru því afar óheppilegar að mati stofnananna.

Núverandi varpstæði kríunnar er vissulega nýlegt og útskýrist það af því að fyrri varpsvæði kríunnar í Skutulsfirði standa henni ekki lengur til boða vegna framkvæmda á þeim svæðum. Ljóst er að varpsvæði eru fá á svæðinu og svæðið í mynni Tungudals því verið heppilegt fyrir kríuna þar sem það er tiltölulega stórt, lítt gróið og nálægt hafi. Nálægðin við byggðina þar hefur þó valdið árekstrum við íbúa og vel er skiljanlegt að það valdi togstreitu sem þurfi að finna lausn á. Því er sýndur skilningur að ýmis úrræði hafa verið reynd sem hafa gefist misvel en stofnanirnar telja að nýjasta úrræðið sé ekki skynsamlegt einkum því hætta er á að það hafi neikvæð áhrif á varpárangur kríunnar í ár. Þá er lítið vitað hver möguleg áhrif á aðrar tegundir á svæðinu geta verið en fuglalíf við botn Skutulsfjarðar er fjölskrúðugt allan ársins hring.

Stofnanirnar tvær vilja gjarnan veita ráðgjöf og aðstoða Ísafjarðarbæ við að finna betri lausn á þessu vandamáli. Þær lausnir gætu t.d. verið:


1) Fræðsluverkefni um kríuna sem gæti heitið, „Krían er vinur okkar“. Hér væri um að ræða verkefni sem bæði Náttúrufræðistofnun og Náttúrustofa Vestfjarða gætu unnið með Ísafjarðarbæ. Markmiðið væri að auka samúð yngri kynslóða með kríunni með því að veita fræðslu um mikilvægi Íslands sem varp- og fæðuöflunar svæði tegundarinnar. Með þessum

hætti verður yngri kynslóðin upplýstari og mun finna fyrir meiri ábyrgð gagnvart fuglinum, en líkur eru að þessi ábyrgð mun einnig skila sér sjálfkrafa til foreldra og eldri systkina;

2) Að búa til nýtt varpsvæði fyrir kríuna t.d. „eyju“ í sjó í nágrenni við núverandi kríuvarp með von um að stofninn færi sig þangað með tímanum. Það er okkar skoðun að sambland af þessu tvennu gæti verið góð lausn á þessu viðkvæma máli og að Ísafjarðarbær gæti verið gott fordæmi fyrir önnur bæjarfélög sem glíma við svipaða áskorun.

Óskað er eftir frekara samtali við Ísafjarðarbæ um málið við allra fyrsta tækifæri þar sem varp kríunnar er nú að hefjast.

Virðingarfyllt,



Sigurður Halldór Arnason,  
Forstöðumaður,  
Náttúrustofu Vestfjarða  
sigurdur@nave.is



Snorri Sigurðsson,  
Sviðsstjóri náttúruverndar,  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
snorri@ni.is

